

# Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 31. janúar 2024

Mál nr. S-392/2023:

## Ákærvaldið

(Sigrún Inga Guðnadóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Stefán Karl Kristjánsson lögmaður)

(Auður Hörn Freysdóttir lögmaður)

## Dómur

1 Mál þetta höfðaði Héraðssaksóknari með ákæru dagsettri 6. júlí 2023, á hendur X, kt. [...], [...], Reykjavík. Málið var flutt og dómtekið 6. desember sl. en frekari gögn voru lögð fram 29. janúar sl., sbr. 168. gr. laga nr. 88/2008, og málið dómtekið að nýju þann dag eftir að sakflytjendum hafði gefist kostur á að gera athugasemdir til viðbótar fyrri málflutningi sínum. Ákærða eru þar gefin að sök

„eftirtalin brot í nánu sambandi, kynferðisbrot og húsbrot með því að hafa endurtekið og á alvarlegan hátt ógnað heilsu og velferð fyrrum unnustu sinnar og sambýliskonu Y, kt. [...]:

- Með því að hafa laugardaginn 1. janúar 2022, farið heimildarlaust inn á heimili Y að [...] og haft við hana samræði gegn vilja hennar og þrátt fyrir að hún hefði látið hann vita að hún vildi það ekki og ítrekað beðið hann að yfirgefa heimili sitt.

Mál nr. [...]

Telst þetta varða við 231. gr. og 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr., sbr. 2. mgr., 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

- Með því að hafa miðvikudaginn 12. janúar 2022 farið heimildarlaust inn á heimili Y að [...] og ekki farið þaðan þrátt fyrir að hún ítrekað bæði hann að fara og í sama skipti tekið í hár hennar, gripið um hendur hennar og snúið upp á þær, í tvígang slegið hana í rassinn og hótað henni með því að segja:

„Þegiðu og hlustaðu. Þú ert fifl. Ég slæ þig fokking fast utan undir ef þú fokking heldur ekki kjafti. Er þetta þakklætið fyrir að, horfðu á mig, horfðu á mig. Er þetta þakklætið fyrir það að ég sit fyrir framan dómstóla og játa milljón króna bótakröfu.“

„Á ég ekki bara að kýla þig einu sinni og þá erum við kvitt, ha?“

Mál nr. [...]

Telst þetta varða við 231. gr. og 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

3. Með því að hafa fimmtudaginn 13. janúar 2022 í óleyfi farið inn á heimili Y að [...] og neitað að yfirgefa heimilið þrátt fyrir að hún ítrekað bæði hann að fara út og slegið hana einu höggi með flötum lófa á vinstri kinn með þeim afleiðingum að hún hlaut roða á vinstri kinn.

Mál nr. [...]

Telst þetta varða við 231. gr. og 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

#### *Einkaréttarkrafa:*

Auður Hörn Freysdóttir gerir, f.h. Y, kt. [...], þá kröfu að X, kt. [...], verði gert að greiða brotaþola kr. 3.000.000.- í miska- og skaðabætur með vöxtum samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 1. janúar 2022 þar til mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu þessarar en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags. Auk þess er krafist hæfilegrar þóknunar vegna starfa réttargæslumanns að mati dómara eða samkvæmt málskostnaðarreikningi verði slíkur reikningur lagður fram auk virðisaukaskatts.“

2. Ákærði neitar sakargiftum í ákærulið 1. Hann játaði sakargiftir í ákærulið 2 að því undanskildu að hafa farið inn í heimildarleysi og féll ákærvaldið frá þeim þætti ákærunnar. Ákærði hefur einnig gengist við þeirri háttsemi sem lýst er í ákærulið 3 að öðru leyti en að hafa slegið brotaþola. Hann krefst vægustu refsingar sem lög leyfa og þess að bótakröfu verði vísað frá dómi en til vara að hún verði lækkuð. Þá er krafist hæfilegra málsvarnarlauna til handa verjanda.

#### **Málsatvik**

3. Þann 12. janúar 2022 barst tilkynning um að ákærði væri á heimili brotaþola og að hún vildi að hann færi úr íbúðinni. Lögregla fór að heimili hennar og var ákærði enn staddur þar. Samkvæmt frumskýrslu var hann mjög reiður. Hann hafi sagt að brotaþoli hafi verið í sambandi við hann á meðan hann var í fangelsi síðustu 15 mánuði en væri byrjuð með öðrum manni. Hann væri því mjög reiður og vildi „mölva á henni fokking andlitið“ og „afmynda á henni fokking hausinn.“ Hann hafi svo róast og farið. Fram kemur að síðar um kvöldið hafi brotaþoli komið á lögreglustöð í fylgd A til að tilkynna um líkamsárás. Þau hafi haft meðferðis upptöku úr eftirlitsmyndavél í íbúðinni. Þar sjáist ákærði meðal annars taka utan um brotaþola en hún reyna að ýta honum í burtu. Þá heyrir brotaþoli öskra á ákærða að sleppa henni en þau hafi þá ekki verið í mynd. Brotaþoli hafi lýst því að hann hafi þá haldið henni á rúminu. Henni var leiðbeint um að koma að nýju á dagvinnutíma og leggja fram kæru.
4. Næsta dag, 13. janúar, barst tilkynning um heimilisofbeldi á heimili brotaþola og fór lögregla á vettvang. Þegar þar var komið var allt orðið rólegt og brotaþoli ein í íbúðinni. Í frumskýrslu er haft eftir brotaþola að ákærði hafi yfirgefið íbúðina skömmu áður en lögregla kom. Hún hafi gleymt að læsa íbúðinni eftir að hafa farið út að reykja og ákærði gengið beint inn til að sækja föt sem hann taldi sig eiga. Þau hafi verið gjöf hans til hennar

fyrir einhverju síðan. Ákærði hafi reiðst og slegið hana á vinstri kinn með flötum lófa. Hún hafi náð að senda A skilaboð og beðið hann að hringja í lögreglu. Fram kemur að áverkar hafi verið sjáanlegir á vinstri kinn og vinstri handlegg brotþola. Þá hafi ákærði brotið eftirlitsmyndavél sem þarna var og kastað farsíma brotþola í gólfíð.

- 5 Brotþoli gaf samdægurs skýrslu á heimili sínu. Þar lýsti hún atvikum 12. og 13. janúar en nefndi ekki það atvik sem ákæruliður 1 tekur til.
- 6 Þann 14. janúar var tekin skýrsla af ákærða um atvikin 12. og 13. janúar. Þar kom fram að hann hefði skömmu áður sofið hjá brotþola. Það hefði gerst á heimili hennar á nýársdag.
- 7 Við yfirheyrslu 23. mars 2022 var brotþoli spurð um þann framburð ákærða að þau hefðu haft kynmök 1. janúar. Þar lýsti hún því meðal annars að stundum væri betra að segja bara já við ákærða. Hann skilji ekki mörk annarra og virði þau ekki. Hún kvað ákærða hafa margbeðið um koss og lofað að fara ef hún myndi kyssa hann. Hún hafi kysst hann á munninn og þau endað uppi í rúmi og sofið saman. Hún hafi sagt ákærða að hún vildi þetta ekki og spurt af hverju hann væri að gera henni þetta. Hún hafi látið hlutina yfir sig ganga þótt hún vildi þetta ekki. Hún hafi verið þreytt á ástandinu og ekki hugsað rökrétt. Hún kvaðst ekki muna í hvert þeirra skipta sem ákærði kom á heimili hennar þetta var.
- 8 Í skýrslu 25. maí lýsti brotþoli því að ákærði hafi, í kjölfar þess að hann bað hana að kyssa sig, ítrekað beðið um að „fá að ríða henni“. Hún hafi sagt nei, muni ekki mikið hvað gerðist svo en þetta hafi gerst, hann hafi náð sínu takmarki. Hún kvað þetta ekki hafa verið „brútal“, bara eitthvað sem hún hafði ekki áhuga á. Hún hafi gefið eftir svo það yrði ekki eitthvað verra úr, hann hafi gert miklu verra hluti en þetta. Hún kvaðst muna þetta illa, hún hafi reynt að gleyma þessu og halda áfram með lífið. Þetta hafi verið eitt skipti en hún muni ekki í hvert þeirra skipta sem hann kom þetta hafi verið. Þá kvaðst hún hafa keypt öryggismyndavélina því hún vissi að hann myndi koma og hvernig hann væri.

## **Ákæruliður 1**

### *Framburðir ákærða og vitna*

- 9 Ákærði kvaðst hafa verið í afplánun, [...] og svo verið laus með ökklaband. Hann hafi farið norður 28. eða 29. desember. Þegar hann var á Litla Hrauni hafi hann hringt í brotþola og hún þá sagst ætla að gefa honum „séns“. Hann hafi átt að vinna sig upp þannig að hún gæti treyst honum að nýju, sýna að hann myndi ekki leggja á hana hendur. Þau hafi átt kynferðisleg samskipti í síma um sumarið.
- 10 Ákærði kvaðst hafa farið að heimili brotþola til að sækja föt sem hann hafi átt þar. Þá hafi hann átt óuppgert mál við hana sem hann hafi reynt að tala við hana um. Eitt hafi leitt af öðru og þau haft kynmök. Þau hafi fyrst verið að kyssast inni á baðherbergi og svo farið inn í rúm. Þau hafi bæði verið ber að neðan og minnti hann að hann hafi sjálfur farið úr en kvaðst ekki muna hvort hún klæddi sig sjálf úr, hann hafi ekki rifið utan af

henni fötin. Ekkert hafi sýnt að brotapolí vildi ekki kynlíf. Hann hafi verið ofan á og þau kysst á meðan þau höfðu kynmök. Hún hafi beðið hann að flýta sér því hún hafi haldið að kærastinn hennar væri að koma heim.

- 11 Aðspurður um að fram komi á myndbandi að brotapolí biðji hann ítrekað að fara kvað ákærði hana oft hafa sagt svona og svo komið aftur til hans. Þetta væri bara „svona haltu mér slepptu mér kærustuerjur.“ Hún hafi ekki beðið hann um að fara eða hætta þegar þau voru uppi í rúmi heldur aðeins beðið hann að hætta að kyssa hana. Hún hafi áður sagt að hún vilji aldrei tala við hann aftur og skipt um símanúmer en samt talað við hann aftur stuttu seinna.
- 12 Aðspurður um hvort hann teldi brotapolá hafa viljað hafa hann þarna þrátt fyrir ítrekuð tilmæli um að hann færi svaraði ákærði: „jú jú, það eru einhverjir erfiðleikar þarna í byrjun og hún er að biðja mig að fara út, en eftir það þá, þar sem heyrir varla neitt, þar er ekki líkamsárás að fara fram, þar er engin nauðgun að fara fram. Það er ekkert ofbeldi, það eru engar hótanir og ekki neitt. ... Þetta er örugglega miklu, miklu lengri tími heldur en þegar að, þegar að herna hún er að biðja mig að fara út og annað, að þá get ég ekki, ekki séð það að þarna sé eitthvað ólöglegt eða ólöglegt í gangi.“
- 13 Aðspurður um að hann hafi sagt: „Ég virði öll þín mörk nema þetta“ kvað hann það aðeins eiga við um knús og kossa, hann hafi á þessum tímapunkti aðeins verið að biðja hana að kyssa sig en hann virði „auðvitað“ mörk hennar í kynlífi.
- 14 Aðspurður um hvort brotapolí hafi haft ástæðu til að óttast hann svaraði hann: „Þú verður bara að spyrja hana að því. Ekki í sambandi við kynlíf nei.“ Þá var hann spurður hvort hún hefði ástæðu til að óttast hann í sambandi við eitthvað annað og hann svaraði: „Ég meina, ég hef lagt á hana hendur og eins og ég sagði í myndbandinu, ég er ekki kominn herna til að veita þér áverka eða hvað sem ég sagði.“
- 15 Aðspurður um þau ummæli brotapolá að hún hafi látið undan honum þrátt fyrir að vilja þetta ekki vísaði ákærði til þess að hann hafi alveg sofið hjá henni án þess að langa það, það heiti að þóknast maka sínum. Ef þetta hefði ekki verið af fúsum og frjálsum vilja hefði hún farið og kært hann. Það hafi hún ekki gert heldur hafi það verið hann sem upplýsti lögreglu um kynmök þeirra. Þá sagði hann einnig: „Já, ég kem þarna inn og var að nauða eitthvað í henni að fá að kyssa hana og eitthvað og nuddaði í henni og svo á einhverjum tímapunkti gefur hún undan og þá erum við þarna inni á klósetti og erum bara eitthvað að kyssast og knúsast...“ Eitt hafi svo leitt af öðru.
- 16 Aðspurður um hvort hann teldi rétt að brotapolí myndi eiga við hann kynmök þótt hana langaði ekki svaraði ákærði: „Þú veist, já kannski af því ég þurfti stundum að stunda með henni oft kynlíf án þess að vilja það eða nenna því að gera það. En ég gerði það.“ Aðspurður um hvort það skipti máli í þessu samhengi að þau hafi áður verið saman sagði ákærði það „auðvitað“ gera það. Aðspurður hvort honum finnst hann hafa einhvern ríkari rétt vegna fyrra sambands svaraði hann að þetta hafi verið kærastan hans og hann hafi setið í fangelsi vegna hennar og samþykkt bótakröfu. Aðspurður um hvort brotapolí

hafi legið og beðið eftir að hann kláraði svaraði ákærði: „Ég veit það ekki sko... eee ja hún bað mig að flýta mér, ef að kærastinn hennar kæmi heim.“

- 17 Brotapoli, vitnið Y, kvaðst hafa keypt öryggismyndavél vegna þess að hún vissi að ákærði myndi koma heim til hennar. Hún hafi um sumarið sagt einhverja vitleysu við hann í símann. Hann hafi viljað að þau yrðu áfram í sambandi og hún játað því en svo hætt að vera í sambandi við hann. Hún hafi aldrei haft samband við hann að fyrra bragði.
- 18 Brotapoli kvaðst hafa mjög slæmt minni og gat illa greint á milli þeirra skipta sem ákærði kom á heimili hennar í janúar 2022. Hún kvaðst hafa alist upp við ofbeldi og heili hennar loki á svona. Hún var þó viss um að hafa í eitt skipti, skömmu eftir að ákærði kom til [...], haft kynmök við hann. Kynmökkin hafi ekki verið með samþykki hennar og hún hafi gefið það skýrt til kynna. Hún hafi sagt nei og spurt af hverju hann léti svona við hana en svo hafi hún látið undan og hafi oft áður gert það. Ákærði hafi farið að kyssa hana og þukla á henni og hún lítið spornað á móti, það væri stundum betra. Hún vísaði til fyrra dómsmáls og sagði að það hefði gerst margt svo ógeðslegt að hún hafi ekki einu sinni getað sagt lögreglu frá því öllu. Í þetta sinn hafi hún ákveðið að láta þetta yfir sig ganga svo það færi ekki út í eitthvað verra. Þegar ofbeldisfullt fólk sé annars vegar sé stundum betra að gefa eftir en að lenda í grófu ofbeldi. Miðað við fyrra mál sé ómögulegt að vita hvað ákærða detti í hug að gera. Hann hafi farið mjög illa með hana og hún hafi reiknað þetta út frá því. Aðspurð hvort hún hafi verið hrædd sagðist hún ekki vita það, en hún hafi verið sár. Hún kvaðst halda að ákærði hafi vitað að hún vildi þetta ekki en það skipti engu máli hvað hún segi, hann sé góður í að fá sínu framgengt.
- 19 Hún mundi ekki eftir að þau hefðu farið inn á baðherbergi og kvað ekki passa að þau hafi verið þar í sjö mínútur nema hann hafi gefið henni einhverja ólyfjan. Þá mundi hún ekki hvað gerðist inni í herberginu þær 15 mínútur sem liðu áður en samfarahljóð heyrir á upptökunni. Hún kvaðst halda að snertingar hafi byrjað á rúminu. Ákærði hafi beðið hana að kyssa sig og lofað að fara ef hún gerði það. Hún hafi kysst hann en hann ekki farið. Hann hafi svo beðið um meira og meira en hún hafi „blokkerað“ það út úr huga sér. Hún kvaðst ekki muna hvort voru einhver atlot í aðdragandanum og ekki muna hver klæddi hvern úr. Hún kvaðst þó muna að þau hafi verið í trúboðastellingunni.
- 20 Aðspurð um hvers vegna hún hafi ekki minnst á þetta við lögreglu í upphafi kvaðst hún alltaf láta vaða yfir sig. Hún hafi ekki viljað þetta og upplifað þetta sem ofbeldi fremur en nauðgun. Nauðgun sé í hennar huga „eitthvað brútal sjitt“.
- 21 Brotapoli kvað stöðu sína ekki góða en hún njóti aðstoðar geðlæknis og vilji ekki þiggja aðra aðstoð.

#### *Niðurstaða*

- 22 Ákærði kannast við að hafa haft samræði við brotapolu en kvað það hafa verið með hennar samþykki. Brotapoli kvaðst hafa haft samræði við ákærða en það hafi verið gegn hennar vilja, hún hafi gefist upp á að streitast á móti og talið, í ljósi sögu um ofbeldi hans í hennar garð, að betra væri að láta það yfir sig ganga að hann hefði við hana kynmök en að verða fyrir enn verra ofbeldi af hans hálfu.

- 23 Samkvæmt 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 gerist hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann án samþykkis hans sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Samþykki telst liggja fyrir ef það er tjáð af frjálsum vilja en ekki ef beitt er ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung.
- 24 Ákvæðinu var breytt á þennan veg með lögum nr. 16/2018. Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi að þeim lögum er tekið fram að með breytingunni verði samþykki sett í forgrunn skilgreiningar á nauðgun og því horfið frá megináherslu á verknaðaraðferð. Samþykki til þátttöku í samræði eða öðrum kynferðismökum verði að tjá með orðum eða annarri ótvíræðri tjáningu. Ekki verði gerð krafa um að þátttakandi mótmaeli eða sýni mótstöðu gagnvart þátttöku í kynferðislegri athöfn og algert athafnaleysi geti ekki verið túlkað sem vilji til þátttöku. Samþykki fyrir þátttöku í samræði eða öðrum kynferðismökum afmarkist við það tiltekna tilvik og þær kynferðislegu athafnir sem samþykkið nái til. Af kynfrelsi leiði að eðlilegt sé að þátttakandi í kynferðislegri athöfn geti hvenær sem er skipt um skoðun um þátttöku sína. Þá kemur fram að hafi samþykki verið tjáð þurfi að taka til skoðunar hvort það hafi verið veitt af frjálsum vilja. Því sé mælt fyrir um að við tiltekna aðstæður verði tjáð samþykki ekki talið liggja fyrir þar sem það hafi ekki verið veitt af frjálsum vilja og geranda hefði mátt vera ljóst að samþykki þolanda væri ekki fyrir hendi. Sé það við aðstæður þar sem þolandi hefur veitt samþykki í kjölfar þess að gerandi hefur beitt ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung. Eldra ákvæði hafi verið skýrt svo að við þessar aðstæður sé undirliggjandi að samþykki til athafnanna skorti.
- 25 Ákærði og brotþoli voru áður í sambandi. Þann [...] 2020 var ákærði dæmdur í tveggja og hálfis árs fangelsi, meðal annars fyrir ofbeldi gegn brotþola þessa máls, sem varðaði við 2. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Brotum ákærða gegn brotþola sem hann var þar sakfelldur fyrir var lýst þannig:
1. Í nóvembermánuði 2019, ráðist á hana á heimili þeirra að [...] og tekið hana hálstaki og hert það mikið að hálsi hennar að hún missti meðvitund og haldið áfram að hrinda henni og slá hana eftir að hún vaknaði til meðvitundar aftur auk þess sem hann eyðilagði símann hennar og faldi lyf sem brotþoli tekur við þunglyndi og geðklofa.
  2. Í byrjun júlí 2020, ráðist gegn brotþola á veitingastaðnum [...], [...], slegið hana ítrekað í andlitið, skvett kjúklingasúpu yfir höfuð hennar, hellt matarolíu í hárið á henni, hrint henni, troðið pappír ofan í kok hennar svo hún gat varla andað, síðan dregið hana með því að taka undir háls hennar upp í gestaherbergi á efri hæð hússins þar sem hann skipaði henni að fara úr fötunum og í sturtu og síðan þegar hún ætlaði úr sturtunni bannað henni það og látið hana standa undir kaldri sturtunni í langan tíma.
  3. Þann 3. júlí 2020, ráðist á brotþola á nefndu heimili þeirra og í [...], með hrindingum og dregið hana til með því að halda í annan fót hennar, en hún komst undan á hlaupum og leitaði aðstoðar nágretta sinna.

4. Frá því í nóvembermánuði 2019 og meðan á sambúðartímanum stóð ítrekað og nánast daglega hrint brotaþola til, slegið hana, hótað henni líkamsmeiðingum og lífláti, skipað henni fyrir verkum og gert almennt lítið úr henni, auk þess sem að hafa stundaði það ítrekað að halda brotaþola vakandi með stöðugu tali og kjaftæði.
5. Að hafa þriðjudaginn 13. október 2020, ráðist gegn brotaþola í bifreið ([...]), sem ekið var á [...], með því að hoppa úr framsæti bifreiðarinnar yfir í aftursætið þar sem brotaþoli sat og sest ofan á hana og krækt fótum sínum um háls hennar þannig að hún átti erfitt með andardrátt og síðan þegar hún yfirgaf bifreiðina þegar þau voru komin til [...] ráðist á hana á bifreiðastæði við [...], reynt að þvinga hana inn í bílinn aftur, snúið hana niður í jörðina, lagst ofan á hana og bitið hana í eyrað.
- 26 Í framhaldi af atvikinu sem greinir í ákærulið 5 sætti ákærði gæsluvarðhaldi frá 16. október 2020 til [...] 2021. Þann dag hóf hann afplánun refsingar samkvæmt dómnum [...]. Þann [...] færðist afplánun á [...] en 29. desember 2021 var hann frjáls ferða sinna með skilyrðum, undir rafrænu eftirliti.
- 27 Ákærði kom á heimili brotaþola 1. janúar 2022, aðeins þremur dögum eftir að hann fékk leyfi til að afplána refsingu sína undir rafrænu eftirliti. Brotaþoli kvaðst hafa fengið sér öryggismyndavél vegna þess að hún hafi átt von á að ákærði kæmi á heimili hennar. Um atvikin eru til frásagnar ákærði og brotaþoli auk þess sem fyrir liggur upptaka úr öryggismyndavél á heimili brotaþola frá 1. janúar klukkan 14:04 til 15:04 og verður hér rakið hvað þar má sjá og heyra. Kveikt er á sjónvarpi í stofunni allan tímann og því heyrast ekki öll orðaskipti ákærða og brotaþola. Þá eru þau í mynd minnihluta tímans.
- 28 Á myndbandinu sést ákærði opna útihurðina og ganga rակleitt inn, æstur í fasi og tali. Það fyrsta sem hann segir er: „Af hverju blokkaðirðu mig? ... Hvað er að þér? Sestu hérna niður og talaðu aðeins við mig, nei í alvöru talað.“ Brotaþoli svarar: „Ég hef ekkert að tala við þig“ og ákærði svarar: „Ég hef mikið að tala við þig, af hverju í fokkanum læturðu svona við mig“. Margsinns biður og skipar brotaþoli ákærða að fara. Hún segir að hann verði að skilja að þau séu ekki saman, að hún vilji ekki vera í sambandi með honum, að hún vilji að hann fari út úr hennar lífi og að hún geti ekki verið nálægt honum. Hann fer ekki heldur þráttar við hana og segir meðal annars: „Ef það væri einhver ástæða til þess að lemja þig Y þá væri það virkilega núna.“ Ákærði biður brotaþola að knúsa sig og þau eru þá komin úr mynd. Brotaþoli segir nei, biður ákærða ítrekað að hætta og láta sig vera og segist vilja losna við hann. Ákærði fer aftur að tala um að vilja taka fötin og segist taka símann hennar. Brotaþoli segir ákærða að „drulla sér út“ og þau sjást aftur í mynd. Ákærði segir: „Komdu“, tekur utan um brotaþola aftan frá og ýtir henni í átt að eða á rúmið, sem var á bak við hillur í stofurýminu, en hún segir honum að hætta og láta sig vera og segir „ái“ en ákærði hlær. Ákærði biður brotaþola að kyssa sig en hún neitar og ákærði lofar ítrekað að fara ef hún kyssi hann einn koss. Þau þrátta áfram. Ákærði segir svo: „Ég virði öll þín mörk nema þetta“ og brotaþoli segir: „Farðu af mér, ég vil þig ekki.“ Ákærði spyr af hverju hún sé að gera honum þetta og hún segist ekki vera að gera honum neitt. Hann segir þá að hún hafi sagst ætla að gefa honum einn „séns“ og ítrekar það en brotaþoli biður hann að fara af sér. Ákærði segir þá: „Ég fer ekkert af þér,

ég á þig, þú veist alveg Y að ég á þig. Það er enginn að fara að taka þig frá mér... ég er ekki að fara að beita þig ofbeldi, aldrei aftur, ég sver það, aldrei....“ Nokkrum mínútum síðar heyrir brotþoli enn biðja ákærða að hætta.

- 29 Klukkan 14:29 sést brotþoli fara inn á baðherbergi. Eftir nokkra stund heyrir hún hósta og kúgast og ákærði fer til hennar og stendur í dyragættinni. Síðan heyrir óskýrt tal. Brotþoli er inni á baðherberginu í um sjö mínútur og er ákærði þá ýmist frammi, inni á baðherberginu eða stendur í gættinni þar. Þau virðast enn vera að þrátta klukkan 14:34 en orðaskil eru ekki greinanleg. Brotþoli kemur fram af baðherberginu klukkan 14:36 og ákærði gengur rösklega á eftir henni og heyrir biðja brotþola að koma en hún neitar. Hann segir: „Jú Y, ég lofa“ en hún segir: „Þú lofaðir áðan og lofaðir og lofaðir, þú stendur aldrei við neitt af þessu.“ Þau hverfa svo úr mynd og orðaskil eru lítt greinanleg. Klukkan 14:43 heyrir brotþoli þó segja: „Hættu.“ Klukkan 14:51 heyrast hljóð sem ætla má að séu stunur og samfarahljóð í örstutta stund. Klukkan 14:55 gengur brotþoli inn á baðherbergi og ákærði á eftir, bæði ber að neðan en í sokkum. Ákærði stoppar í baðherbergisgættinni og þurrkar lim sinn með pappír. Þau fara skömmu síðar aftur fram í íbúðina og virðast þræta á ný. Brotþoli segir: „Farðu, þú berð ekki virðingu fyrir mér.“ Ákærði segir: „Víst“ en brotþoli andmælir. Ákærði spyr hvenær hún vilji að hann komi næst. Ekki heyrir skýrt hvað brotþoli segir en hún virðist segja „aldrei“. Ákærði segir fyrirgefðu og spyr hvort hann sé of ágengur og hún svarar að hann sé alltof ágengur.
- 30 Einnig liggur fyrir upptaka af því þegar ákærði kom á heimili brotþola 12. janúar, frá klukkan 19:20 til 20:00. Brotþoli byrjar á að spyrja hvað hann vilji og hann segir: „Af hverju ertu að blokka mig alls staðar, hvað er að þér?“ Brotþoli margbiður og skipar ákærða að fara en hann gerir ekkert með það og spyr ítrekað af hverju hún láti svona við hann. Ákærði talar meðal annars um að hann vilji fá hana aftur og að hann ætli að hefna sín á henni og eyðileggja sambandið sem hún er komin í. Einnig að hún hafi lofað að gefa honum séns og taka hann aftur, hann geti ekki látið hana vera því hann elski hana. Ákærði biður brotþola að kyssa sig og lofar að fara ef hún geri það. Hún neitar því og segir að hann beri ekki virðingu fyrir henni og virði ekki þegar hún segi nei. Hann segir þá þau orð sem greinir í ákærulið 2: „Þegiðu og hlustaðu. Þú ert fifl. Ég slæ þig fokking fast utan undir ef þú heldur ekki kjafti. Er þetta þakklæti fyrir að... horfðu á mig, horfðu á mig. Er þetta þakklæti fyrir það að ég sit fyrir framan dómstóla og játa milljón króna bóta kröfu? ... Á ég ekki bara að kýla þig einu sinni og þá erum við kvítt, ha?“ Lögregla kemur á vettvang 19:57 og vísar ákærða út. Er viðbrögðum hans við því lýst í málsgrein 3.
- 31 Ákærði hefur í málsvörn sinni meðal annars vísað til fyrri kynferðissamskipta þeirra, bæði þess að þau hafi áður verið í sambandi og þess að brotþoli hafi gefið honum undir fótinn með frekara samband og kynlíf í símtali sumarið 2021. Slík samskipti geta engin áhrif haft hér enda er fólk frjálst að skipta um skoðun hvenær sem er og þarf samþykki fyrir þátttöku í kynferðismökum í hvert skipti.
- 32 Ákærði hefur einnig vísað til þess að brotþoli hafi ekki kært þessa háttsemi til lögreglu og sjálf lýst því að hún hafi ekki talið þetta vera nauðgun. Brotþoli vísaði til þess að hún

hafi upplifað þetta sem ofbeldi en ekki litið á þetta sem nauðgun því að í hennar huga sé það „eitthvað brútal sjitt“ og virtist telja að ekki væri um nauðgun að ræða nema einnig væri beitt öðru líkamlegu ofbeldi eða aflsmunum. Kvað hún það ástæðuna fyrir því að hún hafi ekki skýrt lögreglu frá þessu við upphaf rannsóknar. Að álit dómsins breytir villa brotþola um hugtakið nauðgun engu um refsinámi háttseminnar.

- 33 Þegar ákærði kom inn byrjaði hann á að skammast yfir því að brotþoli hefði „blokkað“ hann. Mátti honum þá vera ljóst að brotþoli kærði sig ekki um samskipti við hann. Þegar brotþoli fór inn á baðherbergið, þar sem ákærði segir að atlot þeirra hafi hafist, hafði ákærði í nær hálf klukkustund þræðið brotþola að taka við sér, kyssa sig og knúsa gegn margítrekuðum andmælum hennar og beiðnum um að hann yfirgæfi heimili hennar sem hann virti að vettugi. Þá hafði hann einnig sagt að hún ætti það skilið að vera lamin og í eitt skipti tekið um hana og ýtt henni að eða á rúmið meðan hún bað hann að hætta. Af upptöku verður ráðið að þar hafi hann legið ofan á henni meðan hún bað hann að hætta og fara ofan af sér en hann neitaði og sagðist eiga hana.
- 34 Ákærði hafði áður verið dæmdur fyrir alvarleg ítrekuð og viðvarandi brot gegn brotþola og svaraði fyrir dómi, aðspurður um hvort brotþoli hafi verið hrædd við hann: „Ekki varðandi kynlíf“ en vísaði jafnframt til þess að hann hefði lagt á hana hendur. Í ljósi þess ofbeldis sem ákærði beitti brotþola á sambúðartíma þeirra hafði brotþoli ástæðu til að ætla að ákærði væri til alls líklegur. Með vísan til þess og samskipta þeirra í aðdraganda kynmakanna, þar sem ákærði kom fyrirvaralaust og óboðinn í reiðiham á heimili hennar, skeytti engu um þræbeðnir hennar um að fara og hætta og viðhafði ofbeldistal í hennar garð, verður að telja að brotþoli sé trúverðug um það að hún hafi látið undan og haft kynmök við ákærða án þess að vilja það því að hún óttaðist að ella gæti hún lent í einhverju enn verra.
- 35 Ákærði virti einskis óskir brotþola um að hann færi af heimili hennar og yfirlýsingar hennar um að hún vildi ekkert með hann hafa. Hann gaf skýrt til kynna að hann hygðist ekki virða höfnun hennar og talaði meðal annars um að hún ætti skilið að vera lamin og að hann ætti hana. Má einnig sjá það af síðari samskiptum þeirra, einkum 12. janúar, að hann virðir einskis það sem hún segir en þá bæði hótaði hann henni og lagði á hana hendur þegar hún laut ekki hans vilja. Þegar litið er til fyrri brota ákærða gegn brotþola og aðdraganda þess að hann hafði kynmök við brotþola þann 1. janúar 2022 er það álit dómsins að ákærða hafi ekki haft réttmæta ástæðu til að ætla að brotþoli hafi, þegar hún loks lét undan, veitt samþykki fyrir kynmökum af fúsum og frjálsum vilja heldur hafi honum hlotið að vera ljóst að svo væri ekki. Verður því talin komin fram sönnun þess að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem greinir í þessum ákærulið.

## **Liður 2**

- 36 Ákærði hefur játað þá háttsemi sem lýst er í þessum ákærulið. Sannað er með játningu hans og öðrum gögnum málsins að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem þar greinir.

### **Liður 3**

#### *Framburðir ákærða og vitna*

- 37 *Ákærði* kvaðst hafa farið til brotaþola 12. janúar til að sækja fötin sín og farið aftur daginn eftir í sömu erindagjörðum. Hann hafi beðið um fötin en brotaþoli sagt honum að „drulla sér út.“ Hann hafi þá tekið símann hennar og hún farið og náð í fötin og látið hann fá þau. Aðspurður hvort hann hafi slegið brotaþola svaraði *ákærði*: „Ekki mér vitandi sko“ og spurður um hvort hefði komið til handalögmála svaraði hann: „Ég man ekki eftir því sko“ en sagði svo: „Ég lagði ekki hendur á hana, punktur.“ Varðandi áverka kvað *ákærði* alla gera verið með roða í kinnum, það hafi verið kalt úti og hún nýbúin að vera úti að reykja.
- 38 *Brotaþoli* kvaðst muna eftir því að *ákærði* hafi slegið hana flötum lófa á kinn. Hann hafi gert það og svo hótað að kýla hana en hún beygt sig frá. Þá hafi hann eyðilagt símann hennar. Hún hafi náð að senda A skilaboð í tölvunni um að hringja á lögreglu. Þegar hún hafi sagt *ákærða* að lögregla væri á leiðinni hafi hann farið. Aðspurð um áverka sagði brotaþoli: „Nei, ég var rauð í framan, hef fengið það verra“.
- 39 Lögreglumenn nr. B og D greindu frá því að *ákærði* hafi verið farinn þegar [þeir] komu á vettvang. Brotaþoli hafi verið með roða á kinn. Nefndi lögreglumaður D að greinilegur roði hafi verið á vinstri kinn og hvítar línur.

#### *Niðurstaða*

- 40 *Ákærði* hefur játað þá háttsemi sem lýst er í þessum ákærulið að öðru leyti en að hafa slegið brotaþola. Fyrir liggur upptaka úr öryggismyndavél á heimili brotaþola þennan dag kl. 14:09-14:18. *Ákærði* bankar á glugga við hlið útihurðar. Brotaþoli gengur að hurðinni, opnar hurðina lítilllega, smellir í lás og reynir að loka en *ákærði* ytir á móti og gengur æstur inn. Brotaþoli segir honum að fara út en hann neitar því og segir „Hlýddu mér, náðu í fokking dótið mitt“. Brotaþoli fer að henda til hans einhverjum flíkum. Hún biður hann að skila lykli að íbúðinni sem hann hafi tekið daginn áður en *ákærði* neitar að hafa gert það. Þau rífast um fötin og fyrri samskipti og brotaþoli margsegir *ákærða* að fara út. *Ákærði* segir þá: „Ætlarðu í alvörunni að byrja á þessu?“ og síðan öskrar brotaþoli en þau eru þá ekki í mynd. Brotaþoli biður *ákærða* að láta sig vera en hann heldur áfram að spyrja hvort hún ætli að „byrja á þessu aftur“. Hún margsegir honum að fara út og biður hann að skila símanum. Hann segist ætla að gera það ef hún láti hann fá ullarpeysu, hún lætur hann fá peysuna en *ákærði* segir þá að hún megi eiga hana. *Ákærði* virðist hafa áttað sig á að brotaþoli hafi sent skilaboð til A og segir: „A viltu hringja á lögguna, viltu hringja á lögguna.“ Brotaþoli biður *ákærða* aftur um símann sinn og þegar upptakan endar eru *ákærði* og brotaþoli í einhverjum stypingum.
- 41 Lögregla kom á vettvang 14:27 og var *ákærði* þá farinn en brotaþoli inni. Á búkmyndavél lögreglu má sjá að brotaþoli segir nær strax við komu lögreglu á heimilið að *ákærði* hafi slegið hana utan undir. Lögreglumaður spyr þá hvort það hafi verið vinstra megin og nefnir að það sjáist. Þá skoðar lögregla þetta betur og ítrekar að það sjáist á henni.

42 Framburður ákærða um að brotþoli hafi verið nýkomin inn eftir að hafa verið úti að reykja stenst tæpast þar sem brotþoli var inni þegar hann kom og ekkert er fram komið um það hvernig hann hefði átt að vita um ferðir hennar fyrir það. Skammur tími leið frá því að hann fór þar til lögregla kom. Þá var brotþoli aðeins rauð á vinstri kinn en ekki þeirri hægri og ólíklegt að roði vegna kulda birtist aðeins öðru megin. Ákærði svaraði fyrst spurningu um hvort hann hafi slegið brotþola „Ekki mér vitandi sko“ en sagði svo að hann hafi ekki lagt á hana hendur. Framburður brotþola fær hins vegar stuðning í myndbandinu þar sem hún heyrir öskra í kjölfar þess að ákærði er ógnandi í hennar garð. Þá sáu lögreglumenn strax greinilegan roða á vinstri vanga hennar. Með vísan til framangreinds verður talið sannað að ákærði hafi slegið brotþola og verður hann sakfelldur fyrir þá háttsemi sem greinir í ákærulið 3.

### **Heimfærsla til refsíákvæða**

43 Ákærði hefur verið fundinn sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í öllum liðum ákæru. Í ákærunni er háttsemi í lið 1 heimfærð til 231. gr., 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr., sbr. 2. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en háttsemi í ákæruliðum 2 og 3 er heimfærð til 231. gr. og 1. mgr. 218. gr. b sömu laga.

44 Í málsgrein 35 er komist að þeirri niðurstöðu að ákærða hafi hlotið að vera ljóst að brotþoli hafi ekki veitt samþykki fyrir kynmökum af fúsum og frjálsum vilja. Verður hann því sakfelldur fyrir brot gegn 194. gr. almennra hegningarlaga.

45 Samkvæmt 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga skal hver sem endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnar lífi, heilsu eða velferð núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, niðja síns eða niðja núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, áa síns, eða annarra sem búa með honum á heimili eða eru í hans umsjá, með ofbeldi, hótunum, frelsissviptingu, nauðung eða á annan hátt, sæta fangelsi allt að 6 árum. Samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins getur brot varðað fangelsi allt að 16 árum ef það er stórfellt. Við mat á grófleika verknaðar skal sérstaklega líta til þess hvort þolandi hafi beðið stórfellt líkams- eða heilsutjón eða bani hlotist af. Enn fremur ber að líta til þess hvort brot hafi verið framið á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt, hafi staðið yfir í langan tíma eða hvort gerandi hafi misnotað freklega yfirburðastöðu sína gagnvart þolanda.

46 Ákvæði 218. gr. b var bætt inn í almenn hegningarlög með 4. gr. laga nr. 23/2016. Í athugasemdum við með ákvæðið í frumvarpi til þeirra laga segir að með ákvæðinu sé lögð áhersla á að ofbeldi í nánnum samböndum feli ekki einungis í sér samansafn einstakra tilvika heldur megi virða slíka háttsemi sem eina heild. Athyglin sé færð á það ógnar- og óttaástand sem geti skapast og jafnframt á þá viðvarandi andlegu þjáningu, kúgun og vanmátt sem þolandi upplifir við slíkar aðstæður. Fram kemur að samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins sé það gert að skilyrði að háttsemi sé endurtekin eða alvarleg svo hún verði refsiverð. Með því að háttsemi sé endurtekin sé vísað til þess að hún hafi staðið yfir í lengri eða skemmri tíma þannig að telja megi að viðvarandi ógnarástand hafi skapast. Þó sé ekki útilokað að einstakt brot geti fallið undir ákvæðið ef það nær tilteknu alvarleikastigi. Í athugasemdum segir á hinn bóginn um 2. mgr. ákvæðisins, sem fjallar

um stórfellt brot af þessu tagi, að við mat á grófleika og þar með hvort brot sé stórfellt skuli sérstaklega lítið til þess hvort stórfellt líkams- eða heilsutjón eða bani hafi hlotist af. Enn fremur beri að líta til þess hvort brot hafi staðið yfir í langan tíma eða hvort gerandi hafi misnotað freklega yfirburðarstöðu sína gagnvart þolanda.

- 47 Þá kemur fram að gert sé ráð fyrir að ákvæðinu verði að jafnaði beitt einu og sér en ekki samhliða öðrum refsíákvæðum hegningarlaga, svo sem þeim sem fjalla um líkamsmeiðingar, nauðung og hótanir. Hins vegar sé ekki útiokað að ákvæðinu verði beitt samhliða öðrum ákvæðum sem mæla fyrir um hærri refsímörk eða varða kynferðisbrot, svo sem 194. gr. hegningarlaganna.
- 48 Eins og að framan greinir var ákærði dæmdur til fangelsisvistar fyrir alvarleg brot gegn brotaþola þegar þau voru í sambúð. Síðasta brotið framdi hann 13. október 2020. Hann var settur í gæsluvarðhald 16. sama mánaðar þar til hann hóf afplánun dómsins og var ekki frjáls ferða sinna aftur fyrr en 29. desember 2021, þá undir rafrænu eftirliti. Um leið og mögulegt var ruddist ákærði með yfirgangi, frekju og virðingarleysi inn á heimili brotaþola og braut þar gegn henni þrátt fyrir að hann væri þá enn að afplána dóm fyrir ofbeldi gegn henni. Það hlé sem varð á brotum ákærða gegn brotaþola varð aðeins á meðan hann var lokaður inni og hafði ekki færi á að nálgast hana. Að áliti dómsins verður því að líta svo á að um sé að ræða óslitið framhald af þeim brotum sem hann áður hlaut dóm fyrir. Er háttsemin augljóslega til þess fallin að ógna heilsu og velferð brotaþola. Með vísan til þess verður fallist á að háttsemi ákærða í öllum ákæruliðum verði felld undir 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga. Verður að telja að sú háttsemi ákærða að ryðjast inn óboðinn og sinna ekki fyrirmælum brotaþola um að fara út sé þáttur í því broti, sem tæmir því sök gagnvart 231. gr. sömu laga. Ekki verður talið fram komið að aðstæður hafi verið með þeim hætti að 2. mgr. 218. gr. b hegningarlaganna eigi hér við.

### **Viðurlög, miskabætur og sakarkostnaður**

#### *Ákvörðun refsingar*

- 49 Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins nær sakaferill ákærða aftur til ársins 1999 og hefur hann margsinis verið dæmdur til fangelsisvistar, þar af fjórum sinnum fyrir líkamsárásir. Síðast hlaut ákærði dóm [...] 2020 fyrir þau brot gegn brotaþola þessa máls sem lýst er í málsgrein 25, auk tveggja annarra líkamsárása, hótana, nytjastuldar, eignaspjalla og umferðarlagabrots. Var hann dæmdur í tveggja og hálfis árs fangelsi.
- 50 Eins og að framan greinir var ákærði í [...] frá 16. október 2020 til 29. desember 2021 þegar hann fékk heimild til að afplána undir rafrænu eftirliti. Um leið og færi gafst, á meðan ákærði var enn að afplána refsingu fyrir brot sitt gegn brotaþola, ruddist hann inn á heimili hennar sem ber vitni um einbeittan brotavilja. Þar kom hann fram kynferðislegum vilja sínum og ruddist tvívegis enn inn á heimili hennar. Brot hans eru svívirðileg og bera því vitni að ákærði hafi ekki nokkurn skilning á alvarleika þeirra brota sem hann var áður sakfelldur fyrir og virðist hann jafnvel trúa því að ekkert sé óeðlilegt við óforskammaða framkomu sína við brotaþola. Þá réttlætir hann háttsemina með því að brotaþoli skuldi honum fyrir að hann hafi þurft að afplána refsingu fyrir brot sín gegn

henni og greiða henni bætur og að hún hafi sumarið 2021 gefið honum undir fótinn með að gefa honum tækifæri á að byggja upp samband á ný. Á ákærði sér engar málsbætur. Með vísan til framangreinds, sakaferlis ákærða og 1., 5., 6., 7. og 8. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í fimm ár.

#### *Krafa brotaþola um miskabætur*

- 51 Brotaþoli krefst miskabóta úr hendi ákærða. Engin gögn liggja fyrir gögn um hagi brotaþola en háttsemi hans er augljóslega til þess fallin að valda miska og ekki síst í því ljósi að brotaþoli verður fyrir áframhaldandi brotum af hans hendi eftir að hann var dæmdur til refsingar fyrir slík brot og býr hún þannig við viðvarandi yfirvofandi ógn af hans hálfu. Þykja bætur til brotaþola hæfilega ákveðnar 2.000.000 krónur og bera þær vexti svo sem greinir í dómsorði.

#### *Sakarkostnaður*

- 52 Að kröfu ákæruvalds og með vísan til dómsniðurstöðu verður ákærði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar, þ.m.t. málsvarnarlaun og ferðarkostnað skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Auðar Harnar Freysdóttur lögmanns. Þykja málsvarnarlaun verjanda ákærða hæfilega ákveðin 2.095.600 krónur og nemur ferðakostnaður 52.735 krónum. Þóknun skipaðs réttargæslumanns þykir hæfilega ákveðin 572.260 krónur. Við ákvörðun málsvarnarlauna og þóknunar er tekið tillit til virðisaukaskatts.

Arnbjörg Sigurðardóttir héraðsdómari kveður upp dóminn.

### **D ó m s o r ð :**

Ákærði, X, sæti fangelsi í fimm ár.

Ákærði greiði brotaþola, Y, 2.000.000 krónur, með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. janúar 2022 til 8. október 2023 en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 2.748.495 krónur í sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, 2.095.600 krónur, 52.735 króna ferðakostnað hans og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Auðar Harnar Freysdóttur, 572.260 krónur.